



Lykilupplýsingaskjal - Frjálsi 2

Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagiöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Frjálsi 2

Frjálsi lífeyrissjóðurinn kt. 600978-0129.

+354 444 6090

frjalsi@frjalsi.is

www.frjalsi.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 129/1997 og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. desember 2025.

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund


Leiðin er ein fimm fjárfestingarleiða Frjálsa lífeyrissjóðsins. Leiðin er hluti af Ævilínu sjóðsins sem gengur út á það að inneign sjóðfélaga er flutt á milli Frjálsa 1 og Frjálsa 2 við ákveðinn aldur og svo í Frjálsa 3 við útgreiðslu. Þannig er lögð áhersla á hærri ávöxtun á yngri árum en minni áhættu eftir því sem árin færast yfir og styttest í útgreiðslu.

Markmið

Grunnmarkmið Frjálsa er að veita viðbótartryggingavernd með því að taka við lífeyrисиðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Í Frjálsa 2 er lögð áhersla á jafna ávöxtun til meðallangs tíma með því að fjárfesta í vel dreifðu eignasafni með hóflegri áhættu. Skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið nokkrar. Fjárfest er sameiginlega fyrir iðgjöld allra sjóðfélaga leiðarinnar. Hver og einn sjóðfélagi á þannig hlutdeild í öllum eignum leiðarinnar. Ávöxtun ræðst af markaðsverði eigna og er birt að frádregnum þeim kostnaði sem sjóðurinn ber, skv. töflu á bls. 3. Lögð er áhersla á ábyrgar fjárfestingar með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

Stefna um eignasamsetningu

Myndin hér að neðan sýnir stefnu um eignasamsetningu leiðarinnar m.v. 1. janúar 2026. Stefnan er endurskoðuð árlega með hliðsjón af þróun sjóðsins og verðbréfamarkaða. Hafa skal í huga að eignasamsetning leiðarinnar getur tekið breytingum yfir árið en þó innan þeirra vikmarka sem skilgreind eru í fjárfestingarstefnu leiðarinnar.



Fyrir hvern?


Leiðin Frjálsi 2 er ætluð sjóðfélögum sem eru 55 ára og eldri og valið hafa Ævilínu en hafa ekki hafið útgreiðslur, og öðrum þeim sem leggja áherslu á jafna ávöxtun til meðallangs tíma og þola nokkrar skammtímasveiflur í ávöxtun. Byggist það viðmið á stefnu um eignasamsetningu leiðarinnar. Þrátt fyrir ofangreint viðmið er öllum frjálst að velja þessa leið óháð aldri. Við val á fjárfestingarleið er m.a. ráðlegt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélaga er og viðhorf til áhættu. Ekki er hægt að segja til um hvaða fjárfestingarleið muni skila hæstu ávöxtun þegar horft er til framtíðar. Þó er almennt talið að hlutabréf ættu að gefa hærri ávöxtun til lengri tíma en skuldabréf og innlán. Ráðlegt þykir að draga úr áhættu í fjárfestingum eftir því sem sjóðfélagi eldist.

Líftími

Líftími inneignar í leiðinni er breytilegur en tímasetning útgreiðslu og flutningur inneignar hefur áhrif á líftímann. Hægt er að fá inneign útgreidda við ýmsar aðstæður, nánar í kaflanum „Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?“. Flutningur inneignar milli fjárfestingarleiða sjóðsins hefur áhrif á líftíma. Hafi sjóðfélagi t.d. valið Ævilínu þá ávaxtast inneign hans í Frjálsa 1 þar til hún flyst sjálfkrafa úr Frjálsa 1 í Frjálsa 2 í fimm árlegum skrefum frá 55 ára aldri. Flutningur inneignar milli sjóða/vörsluaðila sem oft á sér stað samhliða uppsögn hefur sömuleiðis áhrif. Uppsögn veitir ekki rétt til útgreiðslu og hefur því ein og sér ekki áhrif á líftíma.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir hans



Samantekinn áhættuvísir
Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 2 ár. Samantekinn áhættuvísir er staðlaður áhættumælikvarði fyrir almenna fjárfesta og tekur tillit til markaðsáhættu og eftir atvikum mótaðilaáhættu útgefanda. Í tilviki sjóða með marga undirliggjandi útgefendur og daglegt gengi er litið svo á að mótaðilaáhætta endurspeglir í markaðssveiflum. Í þessari leið er markaðsáhætta því ráðandi. Markaðsáhætta er metin út frá sveiflum í daglegu gengi sl. 5 ár og sett fram sem raðnúmer frá 1 upp í 7 þar sem 1 gefur til kynna minnstu sveiflur en 7 mestar sveiflur. Samantekinn áhættuvísir tekur ekki til annarra áhættuþátta en þeirra sem hér hafa verið taldir upp, s.s. áhættu vegna verðbólgu eða laga-umhverfis. Enn fremur er ekki víst að markaðssveiflur í fortíð endurspegli markaðssveiflur í framtíð þrátt fyrir sambærilega fjárfestingarstefnu. Inneign er einungis laus til útgreiðslu skv. því sem fram kemur í kaflanum „Hvenær losnar innstæðan?“ Frjálsi 2 er í flokki 2 á áhættumælikvarðanum. Skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið þó nokkrar og vænt ávöxtun til lengri tíma er heldur hærri en í áhættuminni leiðum.

Sviðsmyndir um vænta nafnávöxtun og forsendur þeirra

Mánaðarlegt heildariðgjald: 30.000 kr. miðað við 500.000 kr. í mánaðarlaun, 4% iðgjald og 2% mótframlag.				
Sviðsmyndir		1 ár	2 ár (Ráðlagður fjárfestingartími)	5 ár
Álagssviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	335.675	684.535	1.657.915
	Meðal ársávöxtun	-14,34%	-5,18%	-3,43%
Óhagstæð niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	363.422	742.931	2.005.058
	Meðal ársávöxtun	2,08%	3,31%	4,40%
Vænt niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	370.354	764.103	2.100.945
	Meðal ársávöxtun	6,35%	6,33%	6,32%
Hagstæð niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	377.307	785.738	2.201.866
	Meðal ársávöxtun	10,69%	9,39%	8,25%
Uppsöfnuð iðgjöld án ávöxtunar		360.000	720.000	1.800.000

Sviðsmyndirnar taka ekki tillit til verðbólgu þar sem um nafnávöxtun er að ræða. Hafa skal í huga að áherslubreytingar yfirvalda þ.m.t. breytingar á skattalöggjöf heimaríkis geta haft áhrif á raunverulega útgreiðslu og skattalega stöðu fjárfestis. Við útgreiðslu er greiddur tekjuskattur í samræmi við þau skattalög sem gilda á hverjum tíma.

Yfirlit yfir sögulega ávöxtun Frjálsa 2 m.v. 31.12.2025.

	Sl.12 mån	2024	2023	2022	2021	2020	2019	Sl. 5 ár	Sl. 10 ár	Sl. 15 ár
Nafnávöxtun	7,00%	10,80%	7,30%	-4,50%	12,10%	10,70%	10,40%	6,40%	6,80%	7,30%
Raunávöxtun	3,20%	5,80%	-0,70%	-12,60%	6,90%	7,00%	7,50%	0,20%	2,30%	3,30%

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana. Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Hvað gerist ef Frjálsi lífeyrissjóðurinn getur ekki greitt út úr Frjálsa 2?

Ef Frjálsi lífeyrissjóðurinn getur ekki greitt út úr Frjálsa 2 getur sjóðfélagi orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Inneign sjóðfélaga í Frjálsa 2 nýtur ekki tryggingarverndar af hálfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eða annarra lögbundinna tryggingakerfa.

Hver er kostnaðurinn?

Mánaðarlegt heildariðgjald: 30.000 kr. miðað við 500.000 kr. í mánaðarlaun, 4% iðgjald og 2% mótframlag.			
Kostnaðarsviðsmyndir	1 ár	2 ár (Ráðlagður fjárfestingartími)	5 ár
Heildarkostnaður	673 kr	2.935 kr	21.403 kr
Áhrif á árlega ávöxtun	0,42%	0,42%	0,42%
Eftirfarandi kostnaður er fastur og hefur því ekki áhrif á árlega ávöxtun			
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur á gjalddaga
Eftirfarandi hlutföll sýna áhrif mismunandi kostnaðarliða á árlega ávöxtun			
Endurtekinn kostnaður	Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	0,00%	Kostnaður sem fellur til þegar eign er keypt eða seld.
	Vörslubóknun	0,02%	Vörslubóknun er reiknuð á stöðu safna á hverjum degi. Vörslubóknun er keyrð á vörslusöfn um hver mánaðamót. Lágmarksbóknun er reiknuð út á 3ja mánaða fresti. Vörslubóknun er gjaldfærð á vörslusöfn árlega.
	Umsýslubóknun til rekstraraðila	0,15%	Beinar umsýslubóknanir til að greiða kostnað við rekstur fjárfestingarleiðarinnar.
	Áætluð og reiknuð óbein fjárfestingargjöld	0,20%	Fjárfestingakostnaður er breytilegur eftir eignum og eignaflokkum og þar með er uppgafið kostnaðarhlutfall breytilegt eftir eignasamsetningu sjóðsins. Sjá má fjárfestingarkostnað hvers eignaflokks í fjárfestingarstefnu sjóðsins.
	Annar rekstrarkostnaður	0,03%	Annar tilfallandi kostnaður sem er nauðsynlegur við rekstur fjárfestingarleiðarinnar.

Kostnaðarhlutföll byggjast á útreikningi síðasta endurskoðaða ársreiknings. Hafa skal í huga að kostnaður á það til að breytast lítillega frá ári til árs. Sviðsmyndir heildarkostnaðar taka tillit til alls endurtekins kostnaðar.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 2 ár

Hvenær losnar innstæðan?

Almennt getur inneignin orðið laus vegna aldurs, örorku eða andláts sjóðfélaga, byggt á 11. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frá 60 ára aldri er inneign laus til útgreiðslu, ásamt vöxtum, þó ekki fyrr en tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds. Við 10% örorku eða meira getur sjóðfélagi óskað eftir útgreiðslu, þó ekki fyrr en tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds og skulu greiðslur að lágmarki dreifast jafnt á sjö ár vegna 100% örorku. Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Auk þessa er hægt að ráðstafa viðbótariðgjöldum skattfrjálst vegna íbúðakaupa, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skattfrjálsu úrræðin eru tvö þ.e. „tíu ára úrræðið vegna kaupa á fyrstu íbúð“ og „almenna úrræðið til annarra íbúðakaupa“. Í úrræðunum er hægt að óska eftir eingreiðslu húsnæðissparnaðar við kaup á íbúðarhúsnæði og reglulegri ráðstöfun inn á lán. Nánar á vef **RSK**. Áhrif skammtímasveiflna geta aukist ef inneign er innleyst af öðrum ástæðum en aldri, vegna breytinga á áætluðum líftíma. Viðbótarkostnaður vegna þessara úrræða er enginn.

Uppsagnartími

Hægt að segja upp samningi um viðbótarsparnað með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og undirrituð af sjóðfélagi. Uppsögn veitir ekki rétt til útgreiðslu inneignar. Frjálsi lífeyrissjóðurinn getur ekki sagt upp samningi við sjóðfélagi.

Umbóttunartími

Undirritun sjóðfélaga á samningnum skuldbindur hann ekki fyrr en fjórtán dögum frá gerð samnings. Þetta kallast umbóttunartími og er sjóðfélagi heimilt að falla frá samningi innan þess frests.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Frjálsa lífeyrissjóðsins í gegnum síma og tölvupóst:

+354 444 6090
frjalsi@frjalsi.is

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um útgreiðslur og fleira á www.frjalsi.is.